

# Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Ísafirði 11. janúar 2019

Guðmundur Gunnarsson  
bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

## Efni: Uppsögn samninga og ósk um viðræður

Milli Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Ísafjarðarbæjar eru undirritaðir samningar, sem sumir hverjir eru fallnir úr gildi og/eða úreltir. Þá eru í gildi óformlegir skriflegir eða munnlegir viðaukar sem gera þarf formlegri.

Þetta eru

- samningur um sölu tilbúinna máltíða og hráefnis til kvöld- og morgunverðar, dagsettur 25. maí 2000, með þriggja mánaða uppsagnarfrest,
- samningur um veitta þjónustu vegna þjónustuíbúða á Tjörn, Þingeyri, dagsett 16. september 2003,
- samningur um kaup á mat og tengdri þjónustu á Hlíf, ódagsettur innan ársins 2014 í bókum HVEST, ótímabundinn og án ákvæða um uppsagnarfrest, og
- samningur um afnot af húsnæði fyrir hjúkrunarheimili á Ísafirði, dagsettur 17. desember 2015 með gildistíma út desember 2017, „með það að markmiði að það verði framlengt“.

Hér með er tveimur fyrrnefndum samningunum sagt upp og óskað eftir viðræðum um alla samningana, hvern í sínu lagi eða í heild, með framlengingu í huga.

Aðrir samningar og samkomulög eru milli Ísafjarðarbæjar og Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, t.d. um sjúkraflutninga, en ekki er talin ástæða til að taka þá upp í þessari umferð.

Virðingarfyllst,

Gylfi Ólafsson  
forstjóri